

## FW: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga

**Til** : Ágúst Sigurðsson  
**Frá** : Rangárþing Ytra  
**Heiti** : FW: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga  
**Málsnúmer** : 1411106  
**Málsaðili** : Rangárþing ytra  
**Skráð dags** : 30.07.2021 10:42:49  
**Höfundur** : Rangárþing Ytra

**Viðhengi** [Auglýsing um ákv. ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna.pdf](#)  
[Auglýsing um ákv. ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna.pdf](#)  
[ATT00001.jpg](#)[ATT00001.jpg](#)

Kveðja,  
Ingibjörg, Rangárþingi ytra.

---

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir  
**Sent:** föstudagur, 30. júlí 2021 08:54  
**To:** johanna.sigurjonsdottir@srn.is  
**Subject:** Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi og nýtt heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga

Tilvísun í mál: SRN21030115

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:*

Með ákvörðun ráðherra, dags. 19. mars 2020, var sveitarstjórnnum veitt heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, á grundvelli VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga. Um var að ræða heimild sveitarstjórnar til að:

1. Nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórna án takmarkana
2. Víkka út valdsvið einstakra nefnda og fækka þannig nefndarfundum
3. Fela fastanefnd eða einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem varða ekki verulega fjárhag sveitarfélags, þrátt fyrir að kveðið sé á um annað í samþykktum sveitarfélags.

Gildistími auglýsingarinnar var framlengdur í þriggja en VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga gildi til 31. desember 2020 og héldu ákvarðanir sem teknar voru fyrir þann tíma gildi sínu í allt að fjóra mánuði, skv. ákvæðinu.

Þann 26. mars sl. samþykkti Alþingi lög um breytingu á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga þar sem lögfest var heimild ráðherra til að ákveða, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá ákveðnum skilyrðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfhæfi hennar og til að auðvelda ákvarðanatöku vegna neyðarástands. Um er að ræða sambærilegt ákvæði og VI. bráðabirgðaákvæði sem féll úr gildi sl. áramót. Á grundvelli þessa tók ráðherra ákvörðun um að veita sveitarfélögum heimild til að víkja frá sömu skilyrðum sveitarstjórnarlaga og áður frá 1. apríl 2021 til 31. júlí 2021.

Alþingi samþykkti ennfremur þann 13. júní 2021 breytingu á sveitarstjórnarlögum sem heimilar sveitarstjórnarmönnum að taka þátt með rafrænum hætti á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins en um slíka heimild skal kveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þar sem skammt er síðan sú breyting tók gildi sem lög frá Alþingi og í ljósi þess að enn gilda samkomutakmarkanir, sbr. reglugerð heilbrigðisráðherra um tímabundna takmörkun á samkomum vegna Covid-19, hefur ákvörðun ráðherra frá mars sl. verið **framlengd til 1. október 2021**. Auglýsing þess eðlis verður birt í Stjórnartíðindum síðar í

dag.

Ráðuneytið vekur jafnframt athygli sveitarstjórna á nýju heimildarákvæði sveitarstjórnarlaga og hvetur þau sveitarfélög, sem hyggjast nýta sér það, að ljúka þeirri vinnu **fyrir 1. október nk.**

Bestu kveðjur,

Jóhanna Sigurjónsdóttir